

Netsáttmáli foreldra

Hverjum er fræðslan ætluð?

Fræðslan er ætluð foreldrum og forsjáraðilum barna á grunnskólaaldri.

Hvernig fer fræðslan fram?

Fyrirlesari kemur á staðinn og fræðir foreldra og aðstoðar við gerð Netsáttmála.

Foreldrar fræðast um stafrænt uppeldi. Eftir að fræðslu lýkur gera foreldrar svokallaðan netsáttmála þar sem þau ræða um hvað er mikilvægt að foreldrahópurinn sammælist um þegar kemur að stafrænu uppeldi barnanna í hópnum og netnotkun. Foreldrar fá bækling með ítarefni og plakat til að skrifa á.

Lýsing:

Í fræðslunni er farið yfir hvað þarf að hafa í huga þegar kemur að stafrænu uppeldi, hvernig hægt er að skapa jákvætt umhverfi þegar kemur að miðlanotkun, mikilvægi þess að skapa traust og samtal milli barna og foreldra og hvernig foreldrar geta hjálpað börnum sínum á sem bestan máta með netnotkun og -hegðun. Foreldrar fá verkfæri til að efla þetta hlutverk sitt og hvernig á að bregðast við óhugnanlegum aðstæðum sem upp koma á netinu.

Fræðslunni er skipt upp í eftirfarandi kafla:

- **Jákvæð miðlanotkun:** Hér er farið hvaða jákvæðu myndir miðlanotkun hefur og hvernig foreldrar geta ýtt undir jákvæða notkun og góðar netvenjur barna sinna.
- **Breytingar og áhrif netsins á börn:** Netnotkun barna er skoðuð, frá fyrstu skrefum og fram á unglingsaldur. Rætt er um reglur og ramma og hvaða áhrif netnotkun getur haft á börn. Birtingarmyndir nethegðunar eru skoðaðar, hættur, áhyggjur, kvíði og farið er yfir nýjustu rannsóknir á netnotkun barna á Íslandi.
- **Foreldrar sem fyrirmyndir:** Skoðað verður hvernig foreldrar geta verið fyrirmyndir fyrir börn sín þegar kemur að tækja- og netnotkun, farið yfir nethegðun og friðhelgi einkalífs.
- **Að tala saman:** Hér verður farið yfir mikilvægi samræðunnar og hvernig skapa á traust milli foreldra og barna til að geta rætt það sem gerist á netinu. Einnig er rætt um hvernig foreldrar barna í hóp geta rætt saman um það sem er að gerast í hópnum varðandi netnotkun.
- **Hjálp í erfiðum aðstæðum:** Hér fá foreldrar verkfæri ef börnin þeirra lenda í einhverju óhugnanlegu á netinu, hvað skal gera og hvernig á að vinna með þær aðstæður sem skapast.

Fræðslan er lifandi samtal við foreldra og geta þeir spurt spurninga og komið með vangaveltur á meðan á fræðslunni stendur.

Tímalengd: 2 klst. (1 klst. í fræðslu og 1 klst. í samtal foreldra og vinnu í netsáttmála)



Markmið: Markmið fræðslunnar er að efla foreldra í uppeldishlutverki sínu og hjálpa þeim að ýta undir jákvæða netnotkun barna sinna. Markmiðið er einnig að gefa foreldrum tækifæri á að ræða við aðra foreldra um málefnið og setja sameiginleg viðmið í hópnum, börnunum til heilla.

Bókaðu fræðsluna á heimiliogskoli@heimiliogskoli.is